

Reykjavík, 16. febrúar 2022
SFS22020200

Til: skóla- og frístundaráðs

Frá: Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um breytingar á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði breytingar á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að gerð verði breyting á 2. gr. en ákvæðið er svohljóðandi:

Umsókn um grunnskóla Reykjavíkurborgar fer fram í gegnum Rafræna Reykjavík, þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Leiðbeiningar um skráningu í Rafræna Reykjavík er að finna á heimasíðunni www.reykjavik.is.

Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.
3. gr.

Lagt er til að gerð verði breyting á 2. gr. og að ákvæðið verði svohljóðandi:

Börn með lögheimili í Reykjavík sem eru að byrja í 1. bekk grunnskóla eru skráð án umsóknar í hverfissskóla við skólaskylduð. Foreldrar fara inn á *Mínar síður* á þjónustuvef Reykjavíkur og staðfesta skráningu í grunnskóla. Í skráningarferlinu geta foreldrar sótt um annan skóla en hverfissskóla.

Ef barn með lögheimili í Reykjavík fer ekki í grunnskóla Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að foreldrar afþakki skólavist og skrái ástæðu til dæmis hvort sótt hefur verið um í sjálfstætt reknum grunnskóla eða um er að ræða flutning úr sveitarfélaginu eða flutning úr landi.

Umsóknir um flutning á milli grunnskóla Reykjavíkurborgar og þeirra sem ekki eru með lögheimili í Reykjavík fara fram í gegnum rafræna Reykjavík á þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Þar er einnig sótt um skólavist í Reykjavík fyrir nemendur sem eru að flytjast til Reykjavíkur.

Leiðbeiningar um skráningu á *Mínum síðum* í Rafræna Reykjavík er að finna á heimasíðunni www.reykjavik.is.

Lagt er til að gerð verði breyting á 4. gr. en ákvæðið er svohljóðandi:

4. gr. Umsókn og innritun nemenda í 1. bekk grunnskóla
Tilkynning um hvenær hægt er að skrá nemendur í 1. bekk grunnskóla er send foreldrum í byrjun árs. Skráning fer fram í Rafræna Reykjavík og ef sótt er um hverfissskóla nemanda berst staðfesting um skráningu í skólann strax. Ef sótt er um annan skóla en hverfissskóla er umsókn afgreidd þegar fyrir liggur fjöldi nemenda sem

hefur lögheimili í viðkomandi skólahverfi og hefur valið skólann. Um meðferð umsókna fer skv. 3. gr. þessara reglna.

Lagt er til að gerð verði breyting á 4. gr. og að ákvæðið verði svohljóðandi:

4. gr. Umsókn og innritun nemenda í 1. bekk grunnskóla

Tilkynning um hvenær hægt er að staðfesta skráningu eða skrá nemendur í 1. bekk grunnskóla er send foreldrum í byrjun árs. Foreldrar fara inn á *Mínar síður* á þjónustuvef Reykjavíkur og staðfesta skráningu í grunnskóla, sækja um annan skóla en hverfissskóla eða veita upplýsingar um aðra skráningu í skóla. Ef sótt er um hverfissskóla nemanda berst staðfesting um skráningu í skólann strax. Ef sótt er um annan skóla en hverfissskóla er umsókn afgreidd þegar fyrir liggur fjöldi nemenda sem hefur lögheimili í viðkomandi skólahverfi og hefur valið skólann. Um meðferð umsókna fer skv. 3. gr. þessara reglna.

Breytingin taki gildi 1. mars 2022.

Greinargerð:

Haustið 2021 hóf verkefnahópur að undirbúa innritun í grunnskóla sem fram fer á *Mínum síðum* á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Hlutverk nýs viðmóts er að halda utan um skráningu barna í grunnskóla.

Lögð er áhersla á að gera umsóknarferli vegna innritunar í grunnskóla aðgengilegra og tryggja upplýsingamiðlun til foreldra. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að foreldrar og forsjáraðilar staðfesti skráningu barns í grunnskóla þannig að ekki sé um eiginlega umsókn að ræða enda eru börn á aldrinum 6 til 16 ára skólaskyld.

Með breytingunni er því gert ráð fyrir að foreldrar sem ætla börnum sínum að sækja hverfissskóla þurfi eingöngu að staðfesta skólavistina. Þeir foreldrar sem sækja um í öðrum skóla en hverfissskóla fyrir barn sitt þurfa hins vegar að sækja um það sérstaklega og er sú umsókn tekin til meðferðar af viðkomandi skóla og svar veitt innan tiltekins frests. Ef foreldrar sækja um í sjálfstætt reknum grunnskóla ber að geta þess í ferlinu.

Þetta nýja ferli krefst þess að gerðar verði breytingar á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar til samræmis við ofangreindar tillögur.

Ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi kostnað í för með sér.